

**Leiðbeiningar
Minjastofnun Íslands**

4

*Skýrslugerð vegna leyfisskyldra
fornleifarannsókna*

Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir
Sigurður Bergsteinsson
Sólrún Inga Traustadóttir
2018



Minjastofnun
Íslands

© 2018
Minjastofnun Íslands
Agnes Stefánsdóttir
Ásta Hermannsdóttir
Sigurður Bergsteinsson
Sólrun Inga Traustadóttir

Öll réttindi áskilin
ISBN
978-9935-9403-6-0

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Drögg

Efnisyfirlit

1.	Formáli	4
2.	Mismunandi tegundir skýrsla	5
2.1	Áfangaskýrslur	5
2.2	Lokaskýrslur	5
3.	Uppsetning og innihald skýrsla	6
3.1	Grunnupplýsingar	6
3.2	Tæknileg atriði	8
3.2.1	Útdráttur	8
3.2.2	Forsaga rannsóknar	8
3.2.3	Stjórnsýsla og fjármögnun	8
3.2.4	Aðrar almennar upplýsingar	8
3.2.5	Uppmælingakerfi	8
3.2.6	Aðferðir á vettvangi	9
3.2.7	Stærð og umfang uppgrafter	10
3.2.8	Lýsing mannvirkja	10
3.2.9	Landslag, gróður og jarðgrunnur	10
3.2.10	Miðlun	10
3.3	Skrár	11
3.3.1	Fundaskrá	11
3.3.2	Skrá yfir gripi og sýni	11
3.3.3	Jarðlagasamhengi	11
3.3.4	Teikningaskrá	11
3.3.5	Ljósmyndaskrá	11
3.3.6	Mannvirkjaskrá	11
3.3.7	Skrá yfir raunvísindalegar rannsóknir	12
3.3.8	Heimildaskrá	12
3.3.9	Myndaskrá	12
3.4	Niðurstöður	12
3.4.1	Túlkun	13
3.4.2	Framtíðarrannsóknir	13

1. Formáli

Við lok fornleifauppgrafter eða annarra fornleifarannsóknna sem hafa jarðrask í för með sér þarf ætíð að skrifa skýrslu þar sem gerð er grein fyrir niðurstöðum rannsóknarinnar, helstu tæknilegu upplýsingum og þeim gögnum sem urðu til við rannsóknina. Þessar leiðbeiningar snúa að skýrslugerð vegna rannsóknna sem hafa jarðrask í för með sér, hvort sem er gerð áfangaskýrslna eða lokaskýrslna. Leiðbeiningarnar fjalla um innhald skýrslnanna og er ætlað að stuðla að samræmi/einsleitni sem auðveldar alla vinnu með skýrslurnar (s.s. yfirferð og leit að upplýsingum). Samræmi auðveldar einnig öðrum fræðimönnum að fá yfirlit yfir rannsóknina.

Tekið skal fram að þessar leiðbeiningar eru fyrst og fremst hugsaðar sem hjálpartæki. Fornleifarannsóknir geta verið margskonar og næsta víst að allir liðir þessara leiðbeininga eigi ekki við um allar rannsóknir.

Skýrslunum skal að öllu jöfnu skila á íslensku sem er opinbert mál stjórnvalda á Íslandi. Skýrslum skal skilað til Minjastofnunar Íslands og Þjóðminjasafns Íslands bæði rafrænt og útprentuðum í tveimur eintökum. Einnig er æskilegt að skila eintaki á raffhladan.is sem er rafrænt varðveislusafn Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns.

Ef rannsókn varir einungis í eitt ár skal skila lokaskýrslu innan árs frá lokum vettvangsrannsóknar. Ef rannsókn varir í meira en eitt ár þarf að skila áfangaskýrslu fyrir hvert ár fyrir sig. Árlegri áfangaskýrslu fyrir rannsóknina er skilað innan árs frá lokum vettvangsrannsóknar. Áfangaskýrsla síðasta rannsóknarárs kemur ekki í stað lokaskýrslu. Lokaskýrslu margra ár rannsóknna skal skila innan fimm ára frá lokum vettvangsrannsóknna og skal lokaskýrsla innihalda samantekt allra rannsóknarára, sem og heildarniðurstöðu verkefnisins.

Skýrslur þurfa að innihalda lýsingar á mannvirkjum, fundaskrá, ljósmyndaskrá, skrá yfir teikningar, skrá yfir sýni og annað sem við á auk frásagnar um rannsóknina og niðurstöður. Með skýrslunni þarf að fylgja landakort sem sýnir staðsetningu uppgrafterins, skal slíkt kort vera fremst í skýrslunni ásamt grunnupplýsingum rannsóknarinnar (sjá kafla 3.1). Hornhnitapunktur rannsóknarsvæða í ISN93 þurfa að koma fram ef svæðum og teikningum er ekki skilað í LUK (LandsUpplýsingaKerfi eða GIS) á shape sniði.

2. Mismunandi tegundir skýrsla

Áfangaskýrslur og lokaskýrslur eru að vissu leyti ólíkar í eðli sínu. Hér að neðan verður gerð grein fyrir helstu sérkennum hvorrar skýrslutegundar fyrir sig.

2.1 Áfangaskýrslur

Áfangaskýrslur eru skrifaðar í tengslum við rannsóknir sem ná yfir fleiri en eitt rannsóknarár. Árlegri áfangaskýrslu fyrir rannsóknina er skilað innan árs frá lokum vettvangsrannsóknar. Nauðsynlegt er að skila inn áfangaskýrslu fyrir öll rannsóknarárin, líka síðasta ár rannsóknar. Skýrslurnar innihalda tæknileg atriði varðandi rannsóknina, framvindu og helstu niðurstöður (Sjá kafla 3 hér að neðan).

Áfangaskýrslur koma ekki í staðinn fyrir eyðublaðið *Lok vettvangsrannsóknar*, eða öfugt.

Áfangaskýrslur þarf ekki að skrifa fyrir rannsóknir sem ná einungis yfir eitt uppgráftartímabil. Fyrir slíkar rannsóknir skal einungis skrifa lokaskýrslu og skal henni skilað innan árs frá lokum vettvangsrannsóknar.

2.2 Lokaskýrslur

Lokaskýrslum er skilað eftir að rannsókn er lokið, þ.e. eftir að öllum vettvangsrannsóknnum og úrvinnslu þeirra er lokið. Lokaskýrslu rannsóknar skal skilað eigi síðar en fimm árum eftir að vettvangsrannsókn lýkur. Í lokaskýrslu eru allar upplýsingar um öll rannsóknarárin tekin saman, gerð grein fyrir tæknilegum upplýsingum rannsóknarinnar í heild og heildarniðurstöður hennar settar fram.

Lokaskýrsla kemur ekki í staðinn fyrir t.d. áfangaskýrslu síðasta árs vettvangsrannsóknar heldur standa áfangaskýrslurnar hver fyrir sitt ár og lokaskýrslan tekur öll gögn saman og leggur rannsóknina fram sem heildstætt verk.

Viðaukar, s.s. skýrslur sérfræðinga og skrár, skulu fylgja lokaskýrslunni, jafnvel þótt þeir hafi verið birtir áður með áfangaskýrslum.

3. Uppsetning og innihald skýrslna

Skýrslur skulu bera skýrt heiti sem gefur greinilega til kynna hvers eðlis viðkomandi rannsókn er og hvar rannsóknarsvæðið er staðsett (t.d. Uppgröftur á rúst í landi Reykhólts í Borgarfirði vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda). Á forsíðu skulu auk titils vera útgáfuár og nafn höfundar. Mynd á forsíðu er valkvæð sem og númer skýrslunnar í ritröð ákveðins aðila/stofnunar. Mikilvægt er að setja fram upplýsingar á myndrænan hátt, svo sem með ljósmyndum, grófum og yfirlitsteikningum/kortum.

3.1 Grunnupplýsingar

Grunnupplýsingar skulu ætíð koma fram fremst í skýrslu, á sér blaði. Grunnupplýsingar innihalda:

- Rannsóknarnúmer (málsnúmer MÍ)
- Þjóðminjasafnsnúmer (ÞJMS)
- Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun í skýrsluna
- Stutt lýsing rannsóknar (tilgangur)
- Tegund rannsóknar (framkvæmdarannsókn, vísindarannsókn, björgunarrannsókn, könnunarrannsókn (einungis Minjastofnun), framkvæmdaefirlit)
- Staðsetning (staður, sveitarfélag, sýsla)
- GPS hnit (miðja rannsóknarsvæðis)
- Rannsóknartími (nákvæmar dagsetningar)
- Leyfishafi
- Fjöldi starfsmanna

Íslandskort með staðsetningu rannsóknar skal staðsett fyrir framan eða aftan grunnupplýsingar.

Dæmi um uppsetningu grunnupplýsinga:

Grunnupplýsingar:

Rannsóknarnúmer

201805-0201

ÞJMS númer

2018-99

Númer fornleifa úr skráningarskýrslu og tilvísun

RH:402-5

Jón Jónsson. 2016. *Fornleifar í Reykholti*. Fornleifafræðistofnun norðurlands: Reykjavík, bls. 35-36.

Stutt lýsing rannsóknar

Rannsókn á rúst (fjárhúsi?) vegna fyrirhugaðrar vegalagningar.

Tegund rannsóknar

Framkvæmdarannsókn

Staðsetning

Reykholt, Borgarbyggð, Vesturland

GPS hnit

ISN93: 390569 A, 464680 N

Rannsóknartími

4.-6. júlí 2018

Leyfishafi

Dr. Jófríður Gunnlaugsdóttir

Fjöldi starfsmanna

Þrjú starfsmenn: tveir fornleifafræðingar og einn nemi.



3.2 Tæknileg atriði

3.2.1 Útdráttur

Hér skal skrifa stutta lýsingu á uppgreftrinum, 5-20 línur eftir umfangi. Telja skal upp mannvirki frá öllum þeim tímaskeiðum sem hægt var að ákvarða í uppgreftrinum og jafnframt lýsa á hvaða grunni tímasetning var ákveðin (gerðfræði, gjóskutímatali, kolefnagreiningu o.s.frv.). Hafa skal í huga að útdrátturinn geti staðið sem sjálfstæður texti um uppgröftinn og að hann kunni að vera nýttur í samantekt um fornleifauppgrefti á landinu.

3.2.2 Forsaga rannsóknar

Hér skal sagt frá ástæðu rannsóknarinnar (t.d. byggingavinna, vegagerð, ræktun, vísindalegar ástæður) og gera grein fyrir hvers vegna grafið var á þessum tiltekna stað. Hér er hægt að vísa til fyrri uppgrafta á svæðinu, fornleifaskráninga, ritaðra heimilda og eldri landakorta. Einnig skal gera grein fyrir helstu markmiðum rannsóknarinnar/rannsóknarspurningum. Ef rannsóknin nær yfir fleiri en eitt ár skal gera grein fyrir því hvenær rannsóknir hófust á staðnum og þannig setja uppgröftinn sem fjallað er um í skýrslunni í samhengi við fyrri ár rannsóknar.

3.2.3 Stjórnýsla og fjármögnun

Stjórnýslulegt ferli málsins sem leiddi til rannsóknarinnar rakið stuttlega ef við á, s.s. bréfa- og önnur samskipti við framkvæmdaaðila (verktaka), þann sem fjármagnar rannsóknina, Minjastofnun Íslands og aðra þá sem að málinu koma. Þetta er gert til að auðvelda yfirsýn yfir málið og tryggja þannig sem besta afgreiðslu ef taka þarf það aftur til skoðunar. Sagt skal frá fjármögnun rannsóknarinnar (t.d. hvort rannsóknin hafi hlotið styrki og þá hvaðan), samstarfsaðilum um rannsóknina og hvaða stofnun/fyrirtæki ber ábyrgð á rannsókninni. Ekki þarf að fara út í smáatriði í þessum kafla.

3.2.4 Aðrar almennar upplýsingar

Dagsetningar upphafs og loka uppgraftarins, hverjir störfuðu við uppgröftinn (hægt er að telja starfsmenn upp eða nefna fjölda og birta yfirlit yfir starfsmenn í viðauka), stjórnandi uppgraftar, hvers konar vélgröfur (stærð og gerð) voru notaðar ef einhverjar og veðurskilyrði (í stórum dráttum ef um langan uppgröft er að ræða).

3.2.5 Uppmælingakerfi

Ef notast er við alstöð eða nákvæm GPS mælitæki sem gefa landfræðileg hnit skal notað ISN93. Gera þarf grein fyrir leiðréttingum og leiðréttingarstöðvum, hvers konar tæki voru notuð og nákvæmni þeirra.

Ef notast er við staðbundið hnitakerfi á eftirfarandi við:

Lárétt

Lýsing á því hvernig staðbundið hnitakerfi var sett upp ásamt lýsingu á föstum punktum (járnhælar, jarðfastir steinar, málboltar í klöpp, horn á byggingum o.s.frv.) og afstöðu þeirra til þekktra punkta á landsvísu (fastir punktar Landmælinga, Vegagerðarinnar eða annarra stofnana) eða landshnit þeirra og hvernig þau voru fundin (með nákvæmri GPS mælingu, alstöð eða annað). Vísa skal til yfirlitsteikningar sem sýnir hnitakerfi og fasta viðmiðunarpunkta eða lista með mæligögnum. Lýsa skal hvernig tæki (málband, hornprismi, alstöð o.s.frv.) voru notuð við uppmælinguna. Áætluð nákvæmni þessara mælinga skal gefin upp.

Festa skal staðbundið hnitakerfi við landsnet með því að finna hnit fastra punkta í landsneti (ISN93). Sé sú mæling gerð með GPS þá skal gefa upp skekkjumörk mælinganna.

Lóðrétt

Upplýsingar um staðsetningar og uppsetningu á hæðarmæli, ásamt föstum hæðarpunktum. Hæð fastra punkta yfir sjávarmáli skal gefin upp ásamt lýsingu á hvernig sú hæð var fundin og áætluðum skekkjumörkum. Sýna skal töflu með daglegum mælingum á föstum hæðarpunkti.

3.2.6 Aðferðir á vettvangi

Lýsa skal uppgraftaraðferð, þ.e. hvort grafið var með einingaaðferð (e. single-context), í sneiðum (e. Schnitt/slice method) eða annarri aðferð, hvort eingöngu var handgrafið eða hvort vélgröfur voru notaðar. Segja skal frá könnunarskurðum ef einhverjir eru og greina frá hvernig þeir voru grafnir (vél- eða handgrafnir).

Hér þurfa líka að koma fram rök fyrir því af hverju tilteknaðar aðferðir voru notaðar, með tilvísun til eðlis þeirra fornleifa sem rannsakaðar voru og þeirra rannsóknarspurninga sem leitast var við að svara.

Lýsa skal aðferðafræði sigtunar (blaut- eða þurrsigtun, möskvastærð o.s.frv.) sem og aðferðafræði sýnatöku (frjókornagreining, gjóskugreining, skordýragreining, greining á plöntuleifum, kolefni o.s.frv.). Eins skal fjalla um niðurstöður þeirra sýnagreininga sem gerðar voru.

Eins þarf að gera grein fyrir grisjun á gripum, hvernig farið er með bein, járn, gler og keramik, hvort allt sé hirt eða einungis tekin sýni/úrtak og ef svo er hvernig aðferðum var beitt og hvernig vali á sýnatökustöðum var háttað.

Lýsa þarf aðferðum við gagnaöflun, s.s. skráningu á mannvirkjum og mannvistarlögum. Voru tæki notuð til uppmælinga og/eða var handteiknað? Í hvaða mælikvörðum var teiknað o.s.frv. Einnig, hvernig var ljósmyndun háttað? Voru t.d. flygildi notuð til að ná myndum úr meiri hæð. Þá skal greina frá þeim breytingum sem hugsanlega urðu á rannsóknaráætluninni meðan á uppgreftri stóð og skýra frá ástæðum breytinganna.

3.2.7 Stærð og umfang uppgrftar

Greina skal frá fermetrafjölda og áætluðum rúmmetrafjölda sem grafin var. Einnig skal greina frá því hvort grafið var í minjar sem eru hluti stærra minjasvæðis (s.s. eina tóft á bæjarstæði) eða hvort minjarnar standi stakar (t.d. heytóft í mýri).

Sýna skal yfirlitsteikningu/kort þar sem gerð er grein fyrir öllum uppgraftarsvæðum og könnunarskurðum.

Tekið skal saman hversu mörg mannvirki eða mannvirkjabrot fundust alls og í hvaða flokki (eitt jarðhýsi, einn skáli, níu soðholur, ein smiðja, tvær hellulagnir, einn brunnur o.s.frv.).

Greina skal frá hversu margir gripir (fundanúmer) fundust alls og hversu margir tilheyra ákveðnum flokkum (leirmunir, járn, gler o.s.frv.).

Lýsa skal hvernig gengið var frá *in situ* minjum á staðnum eftir að rannsókn lauk og áætla hve umfangsmiklar þær minjar eru.

3.2.8 Lýsing mannvirkja

Í tengslum við lýsingu mannvirkja skal gera grein fyrir því hvort lýsingin er eingöngu í fleti eða hvort til séu sniðteikningar af mannvirkinu. Lýsa skal lögun, stærð og stefnu mannvirkisins sem og byggingarefni. Greina skal frá því hvort mannvirkið var grafið upp að fullu eða bara að hluta og hvort efni úr mannvirkinu var sigtað.

Gera skal grein fyrir innviðum mannvirkisins svo sem stoðarholum, eldstæðum, steinhleðslum o.s.frv. og lýsa fundum og sýnum sem tekin voru í mannvirkinu.

Lýsa skal raski sem mannvirkið kann að hafa orðið fyrir, s.s. vegna yngri mannvirkja eða náttúrulegra ferla (s.s. uppblástur, vatnsrof).

Hér skal einnig koma fram ef mannvirkið er talið hluti af mannvirkjaheild eða öðru mannvirki, t.d. eldstæði í bæjarhúsi, hellulögn framan við hús o.s.frv.

3.2.9 Landslag, gróður og jarðgrunnur

Gera skal grein fyrir landgerð rannsóknarsvæðisins (þýft gras, lyngmóar, hraun, tún, mýri o.s.frv.), hæð yfir sjávarmáli, jarðvegsgerð (leirkennd, sendin o.s.frv.) og jarðvegsþykkun (mikil þykkun, lítil þykkun, gott er að geta gefið dæmi um þykkt niður á ákveðið tímabil (t.d. u.þ.b. 50 cm niður á gjósku frá árinu 1300) en það er ekki nauðsynlegt).

3.2.10 Miðlun

Hér skal greina frá hvernig rannsókninni var/er miðlað, bæði á meðan á henni stóð og einnig eftir að rannsókn lauk. Voru sett upp skilti, var boðið upp á leiðsögn, voru samfélagsmiðlar nýttir, var skrifað í blöð? Hvernig er áformað að miðla rannsókninni frekar í framtíðinni? Í riti, með leiðsögnum eða á einhvern annan hátt?

3.3 Skrár

3.3.1 Fundaskrá

Fundaskrá skal fylgja öllum skýrslum þar sem gerð er grein fyrir þeim gripum, dýrabeinum, mannabeinum og sýnum sem tekin voru upp/skráð við rannsóknina.

Öllum gripum og sýnum, svo sem gjósku-, viðarkola- og skordýrasýnum, á að gefa fundarnúmer. Í hverju magnfundanúmeri (magnfundir geta verið t.d. glerbrot úr sama lagi) má aðeins vera ein fundartegund, oftast flokkað eftir efni (járn, gler, leir o.s.frv.). Gera skal stutta lýsingu á innhaldi hvers fundanúmers. Mikilvægum fundum, svo sem þeim sem eru mikilvægir vegna aldurgreiningar eftir gerðfræði eða nýtast sértaklega vel til túlkunar á fornleifunum, þarf að lýsa nánar. Þá eru gefin upp mál, skreytilýsing og/eða tilvísun í umfjöllun um samskonar gripi.

3.3.2 Skrá yfir gripi og sýni

Skrá yfir gripi og sýni er skrá sem skal fylgja með skilum á gripum og sýnum til Þjóðminjasafns Íslands. Uppsetning slíkrar skrár skal fara eftir [leiðbeiningum Þjóðminjasafns Íslands um afhendingu gagna og gripa](#)

3.3.3 Jarðlagasamhengi

Ef grafið er eftir einingaaðferð (e. single context) þarf að birta einingaskrá ásamt flæðiriti. Hafi uppgraftaraðferð verið önnur en einingararðferð skal hér gerð grein fyrir samhengi jarðlaga á viðeigandi hátt fyrir þá uppgraftaraðferð. Ef einingarnar eru hluti af mannvirki eða annarri heild (t.d. öskuhaug), skal það koma fram í skránni.

3.3.4 Teikningaskrá

Gera þarf skrá yfir allar teikningar, stafrænar og handteiknaðar. Einnig þarf að halda skrá yfir loftmyndir eða aðrar unnar myndir sem fylgja fornleifarannsóknnum. Skráningu teikninga, frumteikninga sem og stafrænna, og annarra viðeigandi mynda skal háttáð skv. [leiðbeiningum Þjóðminjasafns Íslands um afhendingu gagna og gripa](#).

3.3.5 Ljósmyndaskrá

Ljósmyndaskrá skal fylgja skýrslunni og vera fyllt út samkvæmt [leiðbeiningum Þjóðminjasafns Íslands um afhendingu gagna og gripa](#).

3.3.6 Mannvirkjaskrá

Hér skal telja upp öll mannvirki sem fram komu við rannsóknina, með mannvirkjanúmeri, uppgraftarsvæðisnúmeri og teikninganúmeri ef við á.

Ef ljóst er um hvers konar mannvirki er að ræða þá er greint frá því undir „tegund“ í skránni.

Dæmi:

Nr.mannvirkis	Uppgriftarsvæði	Nr. teikningar	Tegund
6	C	T56	Jarðhýsi
7	B	T34	Steinlögn/stétt

3.3.7 Skrá yfir raunvísindalegar rannsóknir

Hér skal telja upp þær raunvísindalegu greiningar sem gerðar hafa verið vegna rannsóknarinnar, svo sem gjóskugreiningar, geislakolsmælingar, skordýragreiningar, beinagreiningar og viðargreiningar. Skýrslur sérfræðinga skulu fylgja með sem viðaukar í áfangaskýrslu/lokaskýrslu.

3.3.8 Heimildaskrá

Samræmi í tilvísunum og heimildaskráning er nauðsynleg og skal heimildaskrá fylgja líkt og venja er. Þekkt kerfi sem mikið er notað í fræðasamfélaginu eru APA staðlarnir (American Psychological Association), þar sem tilvísanir eru settar inn beint á eftir setningu innan sviga. Einnig er hægt að setja tilvísanir í neðanmálgrein. Gagnlegar leiðbeiningar má m.a. finna hér:

<https://skrif.hi.is/ritver/>

3.3.9 Myndaskrá

Nauðsynlegt er að setja inn myndaskrá yfir það myndefni sem er birt í skýrslunni. Oftast er slík skrá aftast í skýrslu. Eðlilegast er að nota hlaupandi númer fyrir myndirnar, ásamt myndatexta og nafn ljósmyndara ef annar en skýrsluhöfundur.

3.4 Niðurstöður

Mikilvægur hluti skýrslna er túlkun á þeim gögnum sem rannsóknin hefur gefið af sér og skulu rannsakendur leitast við að útskýra skýrt og skilmerkilega niðurstöður uppgriftarins með það í huga að almenningur og aðrir fræðimenn eigi eftir að lesa skýrsluna.

Túlkun og niðurstöður rannsókna er yfirleitt flæðandi texti þar sem farið er yfir alla þætti rannsóknarinnar og þeir dregnir saman í endapunkt. Hér að neðan er þessum þætti skipt í tvennt: túlkun og framtíðarrannsóknir, en ekki er þörf á fylgja þeirri skiptingu í blindni.

Ef um framkvæmdarannsókn er að ræða skal rannsakandi leitast við að meta hvaða beinu og óbeinu áhrif fyrirhugaðar framkvæmdir geti haft á minjarnar. Mikilvægt er að vitna samviskusamlega og rétt til þeirra heimilda sem notaðar eru við skýrsluskrif, þetta á bæði við um annað efni höfundar sem og skrif annarra.

3.4.1 Túlkun

Hér skal fjalla um niðurstöður uppgraftarins, setja hann í samhengi við fyrri rannsóknir á svæðinu, menningarsögu svæðisins og mögulega aðrar fræðigreinar.

Greina skal frá þeim mannvirkjum sem rannsökuð hafa verið á svæðinu, hvernig þau skiptast á milli tímaskeiða og gera grein fyrir því hvernig sú aldursgreining var fengin. Fjalla skal um gripi og sýni og setja niðurstöður rannsókna á þeim í samhengi, t.a.m. við annað sem rannsóknin leiddi í ljós. Setja skal mannvirki og mannvirkjahópa í samhengi í tíma og rúmi. Leitast skal við að hafa texta þess eðlis að lesandinn skilji hvers vegna rannsóknin var gerð og hvaða upplýsingum hún skilaði, þ.e. skýran og skilmerkilegan.

3.4.2 Framtíðarrannsóknir

Leggja skal mat á hvort ávinningur væri af að rannsaka staðinn betur með áframhaldandi uppgreftri eða á annan hátt. Ef ávinningur er talinn af frekari rannsóknum skal útlista hvernig og hvar á staðnum það sé best gert, færa fyrir því rök og leggja mat á hversu umfangsmiklar og tímafrekar slíkar rannsóknir væru.